Það er hálfleiðinglegt að vera neyddur til að eyða nokkrum orðum að því, að sanna jafn auðvelt mál, eins og það, að myndin í 11. nr. »Sunnanfara« 21. des. f. á. sé ekki af Dyrhólaey, heldur af Gatkletti við Arnarstapa. En úr því að ritstj. »Ísafoldar« gerist svo bíræfinn og jafnframt svo átakanlega »gatastalegur« að halda gatinu sínu enn meira á lopti, með því að berja höfðinu við steininn og fullyrða, að þetta sé mynd af Dyrhólaey, þá á maðurinn sannarlega skilið að standa eins og glópur frammi fyrir almenningi með jafn heimskulegar staðhæfingar, þvert ofan í óræk sönnunargögn, í stað þess að kannast hreinskilnislega við þetta glappaskott sitt, sem alls ekki var stórkostlega en svo, að það hefði getað fallið í gleymsku, ef hann hefði haft vit á að segja satt eða þegja. En hann hefur nú séð um, að »Dyrhólagatið« skyldi lifa, enda mun það gera það honum til á-nægju í framtíðinni. Ef til vill hefur hann hugsað, að hann gæti grætt eitthvað á því að vekja umræður og umtal um »gatið«, svo að einhverjir færu að kaupa »Sunnanfara« til að skoða »gatið« þar, því að hingað til munu fáir hafa vitað, að »Sunnanfari« væri tórandi enn. Eina raðið fyrir Björn er því að gera hann frógan í framtíðinni með fleiri samkynja götum.

Myndir af Dyrhólaey eða Portlandi eru margar til, hver annari líkar eins og eðlilegt er, en alls ólíkar Sunnanfaramyndinni. Meðal annars er mynd af Dyrhólaey í hinu nafnkunna myndasafni P. Gaimards I. B. nr. 65. Samkynja mynd er í Pajkull: En Sommer í Island bls. 66 og í Íslandslýsingu Þórv. Thoroddsen Kaupm.höfn 1900 bls. 113 (alveg sama og í Pajkull) ennfrémur í Collingwood o. s. frv. Auk þess eru til ýmsar ljósmyndir, þar á meðal ein mjög góð af Friðrik Gíslason ljósmyndara hér í þænum, sem er nákvæmlega á þessum stöðvum. Einhverja þessara mynda hefði Björn átt að þekkja. En maðurinn virðist vera lítt lesinn. Það sér hver heilskyggn maður, að engin þessara Dyrhólamynda er Sunnanfaramyndin. Þar er ekkert líkt, nema bogamyndaða hvelfingin, sem á Dyrhólamyndunum liggur í gegnum landfast berg, en á Sunnanfaramyndinni gegnum klett frálausan við land eða í fjörunni, sem full er af klettum, en á Dyrhólamyndunum sést ekkert þvíflikt. Það yrði oflangt að fara hér frekar út í nánari samanburð á þessum myndum, enda þarf þess ekki. Og það er

einnig óþarft að setja hér sögu Sunnanfaramyndarinnar, því að myndin af Gatkletti við Arnarstapa er prentuð í »Nordiske Billeder. Prospekter fra Danmark, Norge og Sverige 2. Bind. Kaupm.höfn 1867 bls. 13 ásamt nákvæmri lýsingu af Gatkletti eptir Steingr. Thorsteinsson yfirkennara¹⁾. Og þessi mynd er alveg samskonar mynd og sú, sem prentuð er í Sunnanfara og sögð vera af Dyrhólaey(!), en auðvitað nokkru ver tekin og óskýrari í Sf. helduren í þessu danska myndasafni, er flytur ýmsar góðar myndir frá Íslandi. Bók þessa á hr. Árni Thorsteinsson landfógeti, sem alinn er upp á Arnarstapa, og þekkir því, hvernig þar hagar til. Jafnvel þetta eitt ætti að vera næg sönnun fyrir því, að hann þekki Gatklettinn í Sunnanfara, enda mun hann einna fyrstur manna hafa rekið augun í þetta Dyrhólagat Bjarnar þar. Auk þessa eru á reiðum höndum vottorð ýmsra manna, ýmist þeirra, er hafa séð Gatklett og þekkja hann þarna í Sunnanfara, eða manna, sem nákvæmlega eru Dyrhóley t. d. aldir upp í Mýrdalnum og ekki þekkja þessa Sunnanfara-Dyrhólaey, þverneita, að komið geti til mála, að þetta sé mynd af henni, eins og eðlilegt er(!) eptir því sem hér hefur verið sýnt fram á. Það verður gaman að sjá, hverjir skipstjórar(!) það eru, sem hafa þrek til að fullyrða(!) það með Birni að myndin sé af Dyrhólaey samt sem áður. Að sjálfsögðu langar Björn til að verða ekki einn til athlægis fyrirglópskuna, en vér öfundum ekki þann, sem verður svo brjóstgóður að »deila« skemmtuninni með honum. Það er að minnsta kosti lítt hugsandi, að nokkur verði svo flasfenginn, enda mundi Björn hafa tjaldað með því síðast, hefði hann getað fengið nokkurn til að glæpast á myndinni.

Þess skal getið, að myndir af Dyrhólaey og Gatkletti eru til sýnis og samanburðar á skrifstofu Þjóðólfs, ef einhverjir eru, sem kunna að efast um, að hér sé rétt og satt skýrt frá. — En hvað gerir nú Björn með »gatið«? Hefði ekki verið sœmra fyrir hann að þegja strax, í stað þess að ausa heimskulegum fúlyrdum yfir ábyrgðarmann þessa blaðs, fúlyrdum, sem eru svo naglaleg (sbr. oddborgartilberana og talvéfina(!)) að allir skynsamir menn hljóta að vera hissa á, hversu manninum er ósýnt um að segja nokkurt orð af viti, þá er hann verður fyrir því hnakkataki, sem leggur hann kylli-flatan fyrir almenningsaugum. Þjóðólfr hefur svo opt náð því taki á honum, að maðurinn má vita, að honum er ekki til neins að sprikla, þá er það er lagt á hann. Hann liggur æfulega undir í öllum viðskiptum sínum við Þjóðólfr. Og harla lítil hugfró er það fyrir hann, að japla á þeirri heimsku, að kunningjar Þjóðólfs séu ávallt að véla hann, því að það er á allra vitordi, að Ísafold er hættara við en Þjóðólfr að hlaupa með hvíksögur og fjarstæður eptir »kunningjana«. Eða hvort man Björn ekki, hvernig Indriði hefur farið með hann? eða hver það var, sem gabbadi hann til að flytja Scheel-Vandels átsöguna frægu. Nú á hann eptir að skýra frá því, hver það var sem lét hann »gatifisera« á Dyrhólaey, eða hvort hann gerði það fyrir eigin reikning. En eitt viljum vér benda honum á, er hann hellir úr sér »finindunum« smekklegu næst, að hann láti þá látna menn í friði, er ekki hafa neitt til saka unnið, menn, sem að að manngildi og öllu atgervi báru af honum eins og gull af sora. Og einnig ætti hann þá að tala sem minnst um það »að hlaupa í sjóinn« vegna annara, eins og hann er að

1) Í ferðabók Georgs Mackenzie's: Travels in Iceland 2. útg. Edinburgh 1812 bls. 172 er góð mynd af Gatkletti, teiknuð af Mackenzie sjálfum og stendur þar maður í gatinu, sem Björn segir að sigla megi hafskipum gegnum um(!) (sbr. Sunnanfara). Að þessu slepptu er það út af fyrir sig hreinasta vitleysa, að hafskip eða 6 róðrabátar samsíða geti siglt gegnum Portland, því að þar má að eins komast í gegn á róðrabát í kyrrum sjó, að sögn kunnugra manna (sbr. einnig E. Olafsson og B. Pálsson ferðabók II. 751 og Kr. Kaalund Hist. topogr. beskrivelse af Isl. II 341). Svona er allt ramvitaust hjá manninum, bæði myndin og lýsingin.

gera síðast, því að það gæti hugsast, að það mætti spyrna svo óþægilega við honum, að dálftið klaksart yrði eptir, ef hann væri ekki með öllu tilfinningarlaus fyrir því, hvort nánustu vandamenn hans eru dregnir inn í bláðadeilur eða ekki, eins og hann leyfir sér svo oft að gera, bæði um látna og lifandi venzlamenn þeirra, sem hann á í höggi við. En jafn óvirðulegum, lúalegum vopnum beita ekki heidvirð blöð að jafnaði, enda hefur Þjóðólfr aldrei gert það. Og hvað »sjó-göngur eða vatnsgöngur« snertir, þá ætti Ísafoldarrítti, að vera nóg, að hann sjálfur hef-ur »gengið hroðalega í vatnið« á Dyrhólagatinu, svo að það er við því búið, að gárungarnir fari að gera gys að »Dyrhólagatistan-um«, sem ekki kunni að synda gegnum »gat-ið«, eins og hann hefði getað gert nokkurnveginn sneypulítið, hefði hann ekki opn-að munninn. En Indriði er manna vísast-ur til að gefa honum eitthvað t. d. nokkr-ar þorskkvarnir í nafnfesti.

Fá orð enn.

(Niðurl.)

Vel veit J. J., að þrátt fyrir öll fátýrðin um amer-plógana, þá hefur hann þar við *alls ekkert* að styðjast nema *eigin* hugmund byggða á *sjálfs* hans litilfjörlegri reynslu — ef ann-ars á nokkru öðru en ástæðulausri *óvild* til Ameríku og þess, er henni tilheyrr, eins og einstöku menn hér virðast svo fullir af, því miður. — Oger þess vegna vafasamt, hvort álit hans er takandi til greina um þessa plóga, eins og nú stendur, meðfram af því, að svo virðist, sem honum sé óeðlilega mikið kappsmál að koma í veg fyrir, að *nokkur* maður kaupi þá eða reyni; þannig bannfær-ir hann þá vægðarlaust upp á sjálfs síns *ein-dæmu*, eins og hver annar *óskeikull*, heilagur faðir. En í stað þess að fara þannig að, þá hefði verið vingjarnlegra og jafnframt sæmi-legra af honum, að gefa mér kost á að *sjá* hvernig plógarnir reyndust til samanburðar í hans meðhöndlun; eða þá þar næst, að tilkynna mér persónulega beinlínis álit sitt á þeim í tíma, úr því að það var nú ekki betra en það var, til þess að gera sitt til þess að eg útvegaði ekki meira af þeim. Því að eðlilegt var að búast við því, að eg mundi auglýsa þá til framboðs hér annars, sem góða og hentuga, þar eð eg hafði útvegað Bún-adarfél. Íslands þá sem slíka, og meðan eg hafði ekki tengið svo mikið sem *eins manns* álit, hvað þá *sönnun* fyrir því móttöku.

En það verð eg þó að segja þessum ná-unga í einlægni, að það getur *ekki* breytt álitinu mínu á þessum plógum nema *óhrekjandi*

sannanir; og þá allra slzt frekjulegar full-yrðingar einstaks ókunnugs manns. — Og er það vegna þess í fyrsta lagi, að eg hef persónulega þekkingu á gæðum og raunhæfi þessara plóga vestanhafs, hverjum til síns brúks; og svo í öðrulagi af því, að mér er kunnugt um, að *þessir plógar* (sem reyndar öll þau jarðyrkjuverkfæri sem Parlin & Or-endorff félagið í Conton, Ill. býr til), eru *vel þekktir* um alla Norður-Ameríku sem á-gætis verkfæri. Það félag var stofnað 1842 og er alstaðar vel þekkt sem heidarleg og áreiðanleg stofnun, það hefur nú 25 verzl-unarhús út um alla Ameríku, og framleið-ir jarðyrkjuverkfæri etc. upp á nál. *tíu mil-jónir dollara* árlega; en það er meiri fjárhæð en Ísland kostar með öllu fémætu, sem á því er, samkv. virðingu 1882 (sjá Alm. Þjóðvínafél.) Það lætur því að líkum, að ætla, að það fé-lag hefði ekki komið á þennan dag með góðum orðstír, og með slíka árlega umsetn-ingu, ef það hefði látið frá sér fara nokkur *ónýt* verkfæri, *sem ekkert hefði til síns ágætis nema hátt verð*. Einnig er ekki ólík-legt, að 60 ára reynsla þess félags í að búa til plóga, — og það í slíku framfara- og um-bótalandi sem Ameríka er óneitanlega, þar sem nál. allar hendur keppa um að umbæta alla skapaða hluti — hafi gert það fært um að búa til góða og hentuga plóga fyrir (eg vil segja) allskonar jarðveg; því að þar í landi er óendanlega mismunandi jarðvegur, misgreiðfær og víða ósléttur, sem þó er lagður undir plóginn til ræktunar.

Eg er því neyddur til að álita þessa am-plóga góða og hentuga, *einnig hér á landi*, í þess meðhöndlun, er kynni að plægja *má-þeim* — hvern í sínu lagi til síns brúks; — og það engu að síður fyrir það, þótt *nú löksins* kynni að vera kostur á öðrum slíka góðum eða *enn betri* plógum en þeir eru, fyrir hirlendar kringumstæður, sem eg full-yrði ekkert um, en eptirlæt framtíðinni um að dæma. Og skal eg enn taka það fram, að mér er *alls ekkert* annst um að útvega bændum hér þessa plóga, ef þeir hafa kost á að fá aðra eins góða eða betri, eða ef þeir vilja aðra fremur en þá. *En það skal eg þó verja*, að eg hafi gert rétt í því að auglýsa til framboðs hér þessa marg-umræddu plóga, eins og á stóð, þegar eg gerði það.

J. J. hefur meðal annars gefið greinilega í skyn, að þessir am-plógar séu *allsendis ónýtir*, og *hafi ekkert til síns ágætis nema hátt verð*. Hvað sem öllu öðru líður, þá er með þessu svo mikið sagt, sem gefur á-stæðu til að búast við því, að hann verði krafinn til ábyrgðar á þeim orðum sínum þó seinna verði.

Með allra mesta myndugleik heldur J. J.

því fram enn í þessari síðustu grein sinni um plógana, að eg hafi selt Bfél. hér plóg með nafninu „Canton Clipper“, þótt eg „þræti“ fyrir að hafi gert það. — Ef sá góði herra *sannar það* að eg hafi framboðið hér eða selt plóg eða plóga *með því nafni*, þá skal eg gefa honum 100 kr. (segi og skrifa eitt hundrað krónur) fyrir það ómak. — Það er meðal annars fremur einkennilegt við framkomu þessa náunga, í þessu plógamáli sem hann hefur að óþörfu vakið deilur í, að hann er svo hirdulaus, fljótferinn eða óvand-aður, að hann nefnir plógana röngum nöfn-um hvað eptir annað, en er þó innan hand-ar að vita hin réttu nöfn þeirra, ef hann vildi það. Og þessu líkt er fleira í grein hans. Þegar hann kemst ekki áfram með það, að það sé „Canton Clipper“, sem eg hafði auglýst í „Hlín“, þá segir hann að sá sem augl. er í Hlín (R. Gr.), sé engu betri en „C. Cl.“, að „bolurinn“ á báðum sé al-veg eins, en þó lakari á R. Gr. — Ennfrem-ur segir hann, að leiðrétting mín í Þjóðólfi hafi leiðrétt mjög lítið, en þó, „samt sem áður“ komist hann ekki hjá því að segja eitthvað um hana. Samkvæmt því hefði hann blotið að segja *miklu meira*, ef hún hefði leiðrétt *mjög mikið* að hans áliti; og þessa *mest* hefði hann þá hlotið að segja auðvitað, ef hún hefði leiðrétt *allt*, svo að *ekki hefði þurft* að segja um hana. — Til þess að geta hugsað og skrifað *svona listalega*, þarf mað-ur líklega að vera *lærður íslenzkur* búfræð-ingur?

Að endingu vil eg svo ráða þessum herra til þess að fara gætilegar framvegis þegar hann verður knúður til að vanda um við náungann.

Reykjavík 20/12. 1901.

S. B. Jónsson.

Meira um þetta efni verður ekki tekið í blaðið.

Ritstj.

Slysfarir.

Á aðfangadag jóla síðastl. vildi það stór-slys til, að tveir vinnumenn prestsins á Felli í Mýrdal, séra Gísli Kjartanssonar, hröpuðu til bana í svonefndu Holtsgili (milli Holts og Fells). Höfðu þeir farið að heiman um daginn til að svipast eptir lömbum, er sagt var, að væru í svelt í giliinu. Hafa eflaust gengið oftæpt á gilbrúnninni eða snjóhengja brostið undan þeim, en gljúfur mikil í gilinu um 40 fadma há, þar sem þeir fórust. Þá er séra Gísli kom heim frá aptansöng í Skeiðflatararkirku um kl. 10 og mennirnir voru ekki komnir heim fór hann þegar af stað að leita um nóttina með vinnumanni

sínum, er eptir var, en líkin fundust ekki fyr en daginn eptir (á jóladaginn) þá er fleiri menn voru fengnir til leitarinnar. Sáust merki þess, að annar maðurinn hafði komið lifandi á fætur og bundið klút um höf-uð sér (til að stöðva blóðrás úr áverka á höfðinu) en ekki getað komið upp úr giliinu né fram úr því, eða verið svo að-framkominn af meiðslum, gengið nokkur spor kringum stein einn og hniðið þar svo út af. En hitt líkið lá niðri í giliinu. Voru þetta unglingspiltar, tæplega tvítugir, Þor-geir Jónsson og Ásgrímur Runólfsson; er móðir annars þeirra (Ásgríms) húskona þar á prestssetrinu Felli. Var slys þetta svo hraralegt og sorglegt sem hugsast gat. En frásögn þessi, eins og hún er hér sögd, er tekin eptir merkisbónda þar úr sveitinni (Guðmundi Þorbjarnarsyni á Hvöli), sem staddur er hér í bænum þessa dagana.

Maður hengdi sig

á Akureyri á jóladaginn, Jón Sigurðsson að nafni.

Brennumaðurinn

úr Mjóafirði, Jón Guðjónsson, sá er kveikti í húsi sínu síðastl. haust, er fundinn örend-ur með stein bundinn við handlegginn; hef-ur fyrirfarið sér sama morguninn og hann átti að mæta hjá sýslumanni.

Skipstrand.

Á Stað í Grindavík rak nýlega á land enskt botnvörpuskip manna laust.

Eitt Dyrhólavatnið

barst Þjóðólfi í hendur öldungis óvænt í gærkveldi. Það er einmitt bóndi úr Mýrdal (Guðm. á Hvöli), greindur maður og glöggur, sem *róði hefur 7 vertíðir við Dyrhólaey*. Hann kannaðist vitanlega ekkert við Sunnan-fara-myndina, er honum var sýnd hún, hafði aldrei séð Portland svona í laginu!! og sagði, að lýsingin á því þar í blaðinu væri þar að auki haugavitleysa. Hann kvaðst hafa hleg-ið dátt, er kunningi hans sagði honum frá þessu undarlega Dyrhólagati Ísafoldarrítti-jór-ans. — Leiðinlegt að verða svona til athlægis alstaðar og geta enga björg sér veitt. Betur farið en heima setið!

Hið alþekktu góða

CEMENT — Dania —

fæst ávallt í verzl.

GODTHAAB

og hvergi eins ódyrt.

Ingiríður heyrði ekki, hverju faðir hennar svaraði. Hún stóð upp og gekk út úr stofunni.

Frá Rjóðri liggur vegurinn fram með ánni upp að fossinum við Sel-túnaásinn; en þar mjókkar dalurinn og verður einungis þröngt gljúfur, sem áin rennur um; þar liggur vegurinn upp á fjallið og var þar fyr á tímum mannhætta að fara um vegna grjótskriðna, sem þar voru mjög tíðar. Nú hefur bergið hinum megin árinna verið sprengt í sundur og vegurinn lagður þar upp, en enn í dag má sjá urðina, sem losnað hefur úr fjallinu, þar sem vegurinn lá áður um.

Laxinn, sem leitar úr sjónum upp í árnar og gengur oft margar mílur upp eptir þeim, kemst ekki lengra en upp að Seltúnaásnum; þeg-ar hann kemur inn í hringiðuna og verður var við fossinn, stekkur hann oft hátt í lopt upp til þess að komast upp fyrir fossinn, en í hvert sinn kastast hann aptur niður í hringiðuna. Þar er því bezta laxveiði og eiga Rjóðurbændurnir hana einir. Þar sat Knútur oft og tíðum með laxa-stöngina sína og svo var kveldið á undan útboðinu.

„Gott kveld!“ var sagt á bak við hann.

Hann hrökk við, því að vegna dynjandans í fossinum hafði hann ekki heyrt neitt fótatak. Hann spratt þegar á fætur.

„Kemur þú frá Borgund, Ingiríður?“

„Nei, eg kem að heiman. Eg fór til þess að finna þig, því að eg hélt, að þú myndir vera hérna.“

Hún bliknaði enn meir, er hún talaði og röddin tók að skjálfa lít-ið eitt.

„Eg hélt“, mælti hún ennfremur, „að bezta væri að láta til skarar skriða; þú býst hvort sem er við því. Við höfum aldrei átt vel saman og kemur það æ betur og betur í ljós með degi hverjum. Eg held því að það sé bezta, að við skiljum fyrir fullt og allt.“

„Ingiríður! Er þetta alvara þín?“

„Já, mér er alvara, Knútur, og eg hefi íhugað þetta mál vandlega.

Hvorugt okkar getur að þessu gert, því að foreldrum okkar er einum um

„Mér finnst vera í nokkuð mikið ráðizt. Eg held að við ættum heldur að kjósa vegavinnuna í sextán daga. En þetta er einungis mín skoðun.“

„Þú ert þá hræddur, Knútur!“, sagði Andrés frá Völlum háðslega og augun í honum ljómuðu. „En ef nú Rjóðurbóndinn og eg tökum alla sökina á okkur, heldur þú, að þú þorir þá að vera með?“

„Knútur!“ hvíslaði Ingiríður. Henni hitnaði um hjartaræturnar, hún fann að blóðið tók að streyma örar, því að hún blygðaðist sín fyrir áhuga-leysi Knúts.

„Ef eg verð með, þá mun eg bera minn hluta af sökinni; þú munt víst hafa nóg með sjálfan þig. En eg held, að eg verði ekki með.“

„Þú þarft ef til vill fyrst að spyrja Aurdælina, hvort þú megir það“, sagði Andrés frá Völlum glettislega. Móðir Knúts var frá Aurdal, nyrztu kirkjusókninni í prestakallinu.

Menn fóru í burtu, án þess að nokkuð hefði verið fastráðið; því að fyrst urðu menn að heyra, hvernig í mönnum lá í hinum sóknunum. En Andrés á Völlum varð eptir og þegar Knútur varð þess var, kvaddi hann líka; hann hafði látið í ljósi skoðun sína og hann langaði ekki til þess að komast í orðahnippingar við Andrés. En kveðja Ingiríðar var kulda-leg; það var auðfundið, að hún var á sama máli sem faðir hennar og bandamenn hans.

Þá þegar um kveldið óku þeir Andrés frá Rjóðri og Andrés frá Völlum til Borgar. Rjóðurbóndinn hafði alitið, en hinn mælskuna. Hing-að til hafði Andrés frá Völlum ekki verið í miklum metum; hann var son-ur fátæks bónda, sem bjó á nokkrum hluta af Neðri-Völlum, en nú varð hann allt í einu kunnur um allan Leirdal, af því að hann var í för með Rjóðurbóndanum; þrjá daga samfleytt voru þeir á þessu ferðalagi og varð vel ágengt.

Í Hauga- og Borgundarsóknum kváðust allir reiðubúnir að þola súrt og sætt með Andrésunum, og láta eitt yfir alla ganga. Aurdælir voru hinir einu, er ekki vildu vera með.

Ingiríður og Knútur höfðu ekki sézt í fjóra daga, því að hún forð-aðist hann sem heitan eð. Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn, sem

Stórkostlegur bruni á Akureyri.

Fimmtudagsmorguninn 19. des. f. á. um kl. 5, kviknaði eldur í suðurenda veitingahúss Vigfúsar Sigfússonar á Akureyri, og brann allt húsið á skammri stundu ásamt sölubúð áfastri og úthyggingum. Þaðan læsti eldurinn sig í hús Sigvalda kaupmanns Þorsteinssonar að norðanverðu við veitingahúsið og brann það, sömuleiðis í-búðarhús Klemensjýslum. Jónssonar ásamt geymsluhúsi, hús Óla Guðmundssonar þar rétt hjá, hús séra Geirs Sæmundssonar vestan við Sigvaldabúðina, og gamalt hús þar hjá, er Möllerarnir bjuggu lengi í. Alls brunnu 11 hús að geymsluhúsum meðtöldum, en allmörg skemmdust meira og minna af eldinum, þar á meðal hús Sigfúsar heit. Jónssonar, hús St. Stephensens umbodsmanns, barnaskólinn gamli o. fl. Tókst með miklu harðfengi að varna frekari útbreiðslu eldsins, bæði með blautum seglum, vatni og sjó, en slökkvitól engin til í bænum. Innanhússmunum varð bjargað að miklu eða nokkru leyti úr húsum þeim, er brunnu, og sömuleiðis matvælum, en allt skemmdist auðvitað mikið, er verið var að ryðja því út, og mestallur eldiviður brann. Skjalasafni sýslumanns og bókasafni Jóns Borgfirðings varð bjargað úr húsi sýslum. — 52 manns urðu húsvilltir við brunann, og komu þeir sér fyrir hingað og þangað í bænum, þótt erfitt væri um húsnæði. — Húsin, sem brunnu voru í eldsvoðaábyrgð, en sum alls ekki að fullu, svo að eignatjón verður þó allmikil, auk skemmda á óvátryggðum innanhússmunum. Langmest er tjónið hjá Vigfúsi Sigfússyni veitingamanni, þótt hann hefði alls vátryggt fyrir 21,000 kr. Er lauslega áætlað, að alls hafi brunnið og skemmt upp á 100,000 kr., en af þeirri upphæð muni 60—70,000 kr. fást greiddar úr ábyrgðarsjóðnum, en þessar tölur er ekki fullkomlega að marka. — Mun þetta vera einhver hinn mesti húsabruni í senn, er orðið hefur hér á landi, og furða, að ekki varð meira af, og að allur gamli bærinn á Akureyri skyldi ekki brenna. En það vildi til, að veður var hagstætt, hér um bil lofn. Hefðu slökkvitól verið við hendi, hefði líklega verið hægt að stöðva eldinn í byrjun. Ætti þetta að vera áminning um, að koma þar í bænum upp slökkvitól sem allra fyrst, eins og Ísafjörður hef-

ur samkv. lögum 8. nóv. 1883 og Seyðisfjörður samkv. lögum frá þinginu í sumar. Sagt er, að bruninn hafi orsakast þannig, að ferðamaður utan úr Öxnadal, er gist hafi í suðurenda veitingahússins, hafi kveikt á lampa, hengt hann þar á snaga, en sofnað svo frá ljósinu. Þá er eldsins varð fyrst vart, var brunnið gat á loftið og eldurinn kominn í hey uppi yfir gestaherberginu. — Enginn mannskaði eða meislur urðu við bruna þennan. — Mikið er látið yfir því, hve vasklega ýmsir bæjarbúar karlar og konur hafi gengið fram í því, að stöðva eldinn og bjarga úr húsunum.

Þessu blaði fylgir viðaukablað nr. 3 með ítarlegri grein um „skrif“ Valtýs í „Nationaltidende“ 2. des. f. á.

Nýir kaupendur að þessum árgangi Þjóðólfs ættu að hraða sér að panta hann, áður en upplagið af fyrstu tölublöðunum prýtur.

Lesið augl. í 1. og 2. tölublaði um vildarkjör þau, sem í boði eru fyrir nýja kaupendur.

SAMSÖNG

heldur söngfélag „Kristlegs unglingafél.“ næstk. sunnudag (19. janúar) í GOOD-TEMPLARAHÚSINU kl. 8 síðdegis. — Aðgöngumiðar verða seldir í Good-Templarahúsinu á sunnudaginn kl. 9½—11½ og kl. 2—7 og kosta: Betri sæti 75 an. Almenn sæti 60 — Barnasæti 40 —

Sjá götugauglýsingar.

Alþýðufyrirlestur

á sunnudaginn 19. þ. m. kl. 4 e. h. í Iðnaðarmannahúsinu. — Sigurður Sigurðsson: Landbúnaðurinn íslenski á 19. öldinni og horfur hans nú.

Alþýðufræðsla stúdentafélagsins.

Bjarni Sæmundsson: Um hafið og lífið í því.

5 fyrirlestrar.

1. fyrirlestur: Hafið.
2. — „— Hafið kringum Ísland. — Jurtalífið.
3. — „— Dýralífið við strendurnar.
4. — „— Dýralífið á botni úthafsins.
5. — „— Dýralífið við yfirborð hafsins.

Áskriptalisti hjá Sigf. Eymundssyni til 18. þ. m. og aðgöngumiðar á sama stað. — Fyrirlestrarir byrja laugardagskvöld 18. þ. m. kl. 8. e. h. í barnaskólanum. Þeim verður lokið á 3 vikum. Sjómenn ganga fyrir.

Uppboð

verður haldið í portinu hjá verzl. Godthaab næstkomandi

Laugardag 18. þ. m.

og þar selt: **Kartöflur** — nokkuð skemmdar af frosti, — tunnur og kassar o. fl.

Nýprentuð eru:

SKÓLALJÓÐ

Kvæðasafn handa unglingum til að lesa og nema. Valið hefur og búið til prentunar: Þórhallur Bjarnarson. Kostar í bandi kr. 1,00. Aðal-útsala í Þólkaverzlun Sigfúsar Eymundssonar. Fæst einnig hjá öðrum bóksölum í Reykjavík.

Verzlun

Sturlu Jónssonar verður eptirleiðis í nýja húsinu í Austurstræti vestan við bankann.

Ýmsar vörur, er komu með „Laura“ síðast, nýtektnar upp.

Nánari auglýsing síðar.

Til ábúðar eru tvær hjáleigur í Hraungerðishverfinu lausar í næstkomandi fardögum, Starkarhúsin og Heimalandið.

Hraung. 14. jan. 1902.

Ól. Sæmundsson.

Vottorð.

Eg finn mig ómótstæðilega knúða til að senda yður eptirfarandi meðmæl:

Eg undirrituð hef mörg ár verið mjög lasin af taugaveiklun, krampa og ýmsum öðrum veikindum, er staðið hafa í sambandi við það, og er eg hafði leitað ýmsra lækna árangurslaust, fór eg að brúka Kína-lífs-elíxír frá Waldemar Petersen í Frederikshavn, og get með góðri samvirkni vottað, að hann hefur veitt mér óumræðilega meinabót, og finn eg, að eg get aldrei án hans verið.

Hafnarfirði í marz 1899.

Agnes Bjarnadóttir.
húsfreyja.

KÍNA-LÍFS-ELÍXÍRINN fæst hjá flestum kaupmönnum á Íslandi, án nokkurrar tollhækkunar, svo að verðið er öldungis sama sem fyr, 1 kr. 50 a. flaskan.

Til þess að vera vissir um, að fá hinn ekta Kína-lífs-elíxír, eru kaupendur beðnir að líta vel eptir því, að $\frac{V.P.}{F.}$ standi á flöskunum í grænu lakki, og eins eptir hinu skrásetta vörumerki á flöskumíðanum: Kínverji með glas í hendi, og firmanafnið Waldemar Petersen.

Eigandi og ábyrgðarmaður:
Hannes Þorsteinsson, cand. theol.
Glasgow-prentsmiðjan.

þeim bar eitthvað á milli. Hann var hægur og stilltur, en óveill og vildi ógjarna láta hlut sinn; auk þess var hann þögull og lét sjaldan uppi ástæður sínar; hún var aptur á móti gedrík og örlynd og ávallt fús til að hjálpa öllum, hvort sem þeir höfðu orðið fyrir rangindum eða komizt í basl og bágingi á einhvern hátt.

Hún hafði miklar mætur á föður sínum og áleit hann vera mestan bónda í öllu Björgvinaramti og hinn hraustasta og bezta í öllum Noregi. Þess vegna var hún í þessu máli, svo sem í því nær öllum öðrum málum, algerlega á máli föður síns og henni féll mjög illa, að Knútur skyldi vilja leggja allan árar í bát í stað þess að verjast rangindum stjórnarinnar, svo sem unnt væri. Og einmitt hann átti að taka við af föður hennar og gerast leiðtogi sveitarinnar! Hún grét fögrum tárum yfir því, að Knútur skyldi hafa getað setið úti í horni hjá sér og verið að tala um áhættu, er bóndasonurinn frá Velli, sem hún hafði varla séð fyr, sat á meðal bændanna og var að berjast fyrir réttindum sveitarinnar og ók loks út um sveitina með föður hennar. En hvað gerði Knútur? Hann laumaðist í burtu með Blávallarmanninum. Annar varð að fá leyfi hjá Borgundarmönnum, en hinn hjá Aurdælum, það mátti alveg leggja þá að jöfnu.

Hún spurði sjálfa sig, hvernig stadið hefði á því, að hún hafði lofzt Knúti. Hún hafði eiginlega aldrei elskað hann. Foreldrar þeirra höfðu komið sér saman um, að þau skyldu eigast, löngu áður en þau báru nokkurt skyn á slíkt og þess vegna höfðu þau í mörg ár lifað í þeirri trú, að þau mættu ekki hvort án annars vera en satt að segja höfðu þau aldrei átt saman, því að ef eitthvað alvarlegt mál bar að höndum gátu þau aldrei orðið á eitt sátt. Henni fannst það vera ságrætilegt, að foreldrar hennar skyldu vilja þröngva henni til þess að ganga að eiga mann, sem stóð henni svo fjarri í öllum skoðunum, jafnvel einungis af því, að hann var sonur bóndans á næsta bæ við bæ föður hennar. En hún ásetti sér að láta það ekki við gangast, hún ætlaði að gera enda á trúlofun þeirra.

En leizt henni þá betur á Andrés frá Velli? Nei, því fór fjarri, að henni litist vel á þennan háværa og slánalega strák. En það er reyndar

mjinnst um vert um útlitið. Andrés frá Velli talaði og breytti alveg eins og átti að tala og breyta. En hvað gerði Knútur? Hann hélt hann yrði ekki með! Hann hélt að það væri ofmikil áhætta!

Á hverju kveldi sat Andrés frá Velli í stofunni á Efra-Rjóðri hjá föður Ingiríðar, er þeir voru komnir heim úr leiðangrunum út um sveitina. Þeir ræddu þá ákaft um, hvað þeim hefði orðið ágengt þann daginn, og töldu saman, hverja þeir hefðu unnið á sitt mál, hverjir enn væru hikandi og þyrftu brýnslu og hvert halda skyldi næsta dag.

Ingiríður sat einsömul á bekknum bak við rúmið með þrónana sína og hlýddi á viðræður þeirra, en mjög sjaldan gaf hún nokkurt orð fram í.

„Hvernig stendur á því, að Knútur hefur ekki sézt hér í nokkra daga?“ spurði faðir hennar hana eitt sinn.

„Honum finnst víst, að hann eigi ekkert erindi hingað“, svaraði Ingiríður.

„Hvaða vitleysa!“ sagði faðir hennar. „Látið þetta ekki valda neinni misklið á milli ykkar. Hann verður líka með; í dag vorum við hja honum föður hans og loks gátum við nuddað honum til þess að vera með eins og hinir.“

„En þú veizt ekki, að eg kom til hans kveldið áður“, sagði Andrés frá Velli og brosti í kampinn.

„Þú hefur ekkert minnst á það.“

„Eg veit heldur ekki, hvort það er þess vert. Eg gaf gamla manninum í skyn, að það mundi ráðlegra að vera með, ef hann vildi, að sonur hans yrði nokkurntíma bóndi á Efra-Rjóðri og svo framvegis — — Það hefur hrifið, báðir hafa þeir orðið jafnhæddir, Knútur og faðir hans og þess vegna varð okkur svo vel ágengt í dag.“

„Nú-ú!“ sagði Rjóðurbóndinn óánægður. „Þess konar ættu aðrir úti frá ekki að skipta sér af.“

„Auðvitað“, sagði Andrés og gerði sér upp bros. „En á þessum tímum eru góð ráð dýr og allra bragða verður að beita. Hvað sagði Maðs á Yrjum?“